



Stjórnarfundur í Íþróttamiðstöðinni Verinu haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Þriðjudaginn 4. Nóvember 2013 og hófst kl 15:00

Mættir: Ólafur Steinarsson, Elfa Benediktsdóttir, Vilborg Stefánsdóttir, og Sigríður Jóhannesdóttir

1. Fundarsetning.

Ólafur setti fundinn

2. Rekstraráætlun 2014.

Farið var yfir tekju og launaforsendur í rekstraráætlun 2014. Heildartekjur eru áætlaðar 9,7M til samanburðar við 9,1M sem árið 2013 stefnir að enda í ár. Helstu breytingar eru að hækkaður var aðgangseyrir í stöðina í suma og munu því einhver tekjuaukning verða að því á næsta ári. Miðað við sömu launaforsendur sem eru í dag yrðu heildarlaun í íþróttamiðstöðinni 15,7M en árið 2013 stefnir í 14,5M. Heildar rekstrarkostnaður af stöðinni yfir því 67,6M í stað 65,0M en eftir er að samþykka aðra liði áætlunarinnar. Stjórn íþróttamiðstöðvarinnar er ljóst að launakostnaður getur ekki orðið svona hár á árinu 2014 í ljósi þessi hvernig til hefur tekist í þessu lið áður. Heildarlaun 2011 voru: 11,4M 2012 voru þau 10,1M og núna 2014 stefna þau eins og áður sagði í 14,5M

Í þessu sambandi var rætt um opnunartíma stöðvarinnar.

Opnunartími íþróttamiðstöðvarinnar í dag er: Virka daga frá kl. 16:00-20:00 alla daga nema föstudaga en þá er opið frá kl. 15:00 – 19:00. Um helgar er opið frá kl. 11:00-14:00 á laugardögum. Viðvera starfsmanna er mikil eða frá því snemma á morgnana langt fram á kvöld

Rætt var um viðveruskyldu starfsmanna sveitarfélagsins á þeim tíma sem grunnskólinn er að nota húsið undir sýna starfssemi. Ólafur hafði þegar rætt við skólustjóra Grunnskólans hvort skólinn gæti ekki borið ábyrgð á húsinu á þeim tíma sem hann nýtir húsið og var tekið jákvætt í þær hugmyndir.

Hugmynd að nýjum opnunartímum var rædd.

Mögulegur opnunartími stöðvarinnar yrði í framtíðinni: Virka daga frá kl. 16:00-20:00 alla daga. Um helgar væri húsið opið frá kl. 10:00-14:00 bæði á laugardögum og sunnudögum. Sveitarfélagið væri ekki með starfsmenn nema a opnunartíma hússins og þá þannig að starfsdagur yrði frá kl. 14:00 – 20:00 virka daga og 10:-14:00 um helgar. Opnunartími myndi að öðru leyti lengjast um sumartímann og sumarstarfsmenn teknir inn. Gerður var útreikningur fyrir launakostnaði á þessum forsendum og miðað við þetta þá væri mögulega hægt að ná launakostnaði í 10 – 11M á ári sem er ásættanlegt.

Var Ólafi falið að ræða ofangreindar hugmyndir við forstöðumann stöðvarinnar og skólustjóra.

Rætt var um að stjórn þyrfti að kynna sér vel kröfur um öryggismál



LANGANESBYGGÐ

Rætt var um varmaskipti á Kirkjubæjarklaustri og ákveðið að stjórn myndi kynna sér það mál til hlýtar.

3. Næsti fundur.

Ákveðið að halda næsta fund 19. nóvember n.k.

Fleira ekki gert

Fundi slitið um kl 16:00